

samþykki ráðgjafans hef veitt sýslunefndinni á Vestmannaeyjum 1000 kr. lán af landssjóði til að kaupa fyrir 50 tunnur af rúgi, til þess að koma í veg fyrir hungursneyð á í hönd farandi vetri, gegn því að af láninu verði greiddir 4% vextir árlega og það endurborgist landssjóði að hálfu innan 1. okt. 1876 og að hálfu innan 1. okt. 1877. Nefndum 1000 krónum verður herra amtmanninum ávísað úr jarðabókarsjóðnum, og skuluð þjer beðnr að annast um rúgkaupin fyrir þær og um að sýslunefndin á Vestmannaeyjum gefi út nauðsynlegt skuldabréf fyrir láninu, og verður það skuldabréf að senda hingað með áteiknuðu samþykki amtsráðsins eða herra amtmannsins, sbr. tilsk. um sveitastjórn á Íslandi frá 4. maí 1872 § 29.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eptir að jeg með brjefum frá 20. f. m. og 9. þ. m., hef meðtekið þóknanleg ummæli herra amtmannsins um erindi, er verzlunarstjóri hinnar íslenzku samlagsverzlunar í Björgvín, Matth. Johannesen, hafði sent ráðgjafanum fyrir Ísland og hann aptur landshöfðingjanum til úrlausnar, en í erindi þessu er kvartað undan úrskurði herra amtmannsins, er fellst á það, að byggingarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar hefur lagt nokkurn hluta lóðar þeirrar, er umgetið verzlunarfélag átti, til að breiðka Austurstræti og ákveðið 50 aura fyrir hverja □ alin, sem endurgjald fyrir hina útlögðu lóðarsneið, skal yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir hlutadeigöndum tjáð það, er hjer segir:

Það leiðir af ákvörðun opins brjefs 29. maí 1839 § 3 A, að kærandinn var skyldur til gegn endurgjaldi af bæjarsjóði, að láta af hendi svo mikið af óbyggðri lóð tjeðrar verzlunar, sem byggingarnefndin eða bæjarstjórnin áleit þörf á til að fá Austurstræti tilhlýðilega breidd, og verður því beiðnin, að því leyti hún fer fram á, að bæjarstjórninni verði tjáð, að hún að eins samkvæmt almennum reglum, um lóðarnám (stjórnarskrá 50. gr.) geti tekið undir sig umgetna lóð, ekki tekin til greina. Eptir tilvitnaðri lagaákvörðun á byggingarnefndin að ákveða nefnt endurgjald með samþykki amtsins í hlutfalli við stærð og verð allrar hinnar byggðu lóðar og rýrnun þá, er henni stendur af missinum, og reglur þær, er bæjarstjórnin eða byggingarnefndin í þessu tilliti á að fylgja, eru ákveðnar í 20. gr. samþykktar þeirrar fyrir Reykjavíkurkaupstað, er bæjarstjórnin hefur samið 23. sept. 1872, og staðfest er 9. oktbr. s. á. og bætir hún við fyrirmælin um, að endurgjald fyrir slíkan lóðarmissi greiðist eptir op. br. 29. maí 1839 § 3 A eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar með samþykki amtmanns eða landshöfðingja, því, að bæjarstjórnin geti, óski hún ekki sjálf að meta endurgjaldið, og sje það ekki fyrirfram ákveðið fyrir sjerstaklegt samkomulag, ákvarðað, að það skuli meta 2 óvilhallir menn, sem rjetturinn kveðji til þess, og uni þá eigi bæjarstjórnin, eður sá er hinsvegar á hlut að máli, mati þeirra, megi því skjóta undir yfirmat 4 á sama hátt tilkvaddra manna. Þessi viðbætur gjörir enga breytingu, á ákvörðuninni í opnu brjefi 29. maí 1839, heldur skýrir nákvæmar reglu þá, sem þar í er fólgin, að eigandi skuli fá fullt endurgjald fyrir lóð þá, er hann lætur af hendi, eins og eðli hlutarins einnig býður. Í op. br. 29. maí 1839 er það semsje eigi lagt á vald byggingarnefndarinnar, hvert endurgjaldið skuli vera í hvert skipti, heldur skal endurgjaldið til taka í hlutfalli við stærð og verð allrar hinnar byggðu lóðar, og við rýrnun þá, er henni stendur af missinum, og skal enn fremur mat það, er byggingarnefndin þannig hefur fundið, samþykkt af amtmanni. En af þessu leiðir, að þar er byggingarnefndin eigi treystist til að meta sjálf endurgjaldið eptir reglum þeim, sem gefnar eru, á hún að láta óvilhalla menn dómkvadda meta það, og sómuleiðis, að amtmaður ekki á að samþykkja endurgjald það, er byggingarnefndin hefur stungið upp á, ef hlutadeigandi hefur mótmæli

1875

79
22an
októbr.80
27da
októbr.

1875

80
27da
októbr.

gegna því, fyrr en húið er að láta óvilhalla menn meta það. Það hlýtur þess vegna einnig að vera skylda bæjarstjórnarinnar eða byggingarnefndarinnar, þegar hún samkvæmt opnu bræfi 29. maí 1839 § 2 A beiðist samþykkis amtmannsins til þvílíks endurgjalds fyrir lóðarnám, að skýra frá, hvort hlutaðeigandi sje áncægður með endurgjald það, sem upp á er stungið, eða ef eigi er svo, hvort það þá sje tiltekið með mati óvilhallra manna.

Af skýringum þeim, sem fram eru komnar í málinu sjest nú, að byggingarnefndin hinn 7. marz þ. á. hefur mælt út þá lóðarskika, sem eptir ákvörðun bæjarstjórnarinnar átti að láta af hendi til að breiðka Austurstræti, en samt ekki metið verð þeirra, að byggingarnefndin hefur beiðzt tveggja dómkvaddra manna, til að meta undir samþykki byggingarnefndarinnar endurgjald það, er lóðaeigöndum bæri fyrir lóðamissirinn; að bæjarþingsdómurinn 11. marz þ. á. hefur til þess kvatt 2 óvilhalla menn, að þeir 16. marz hafa framkvæmt matið, að það 17. s. m. hefur verið lagt fram fyrir byggingarnefndina, og af henni samþykkt, að því er snertir flesta lóðaeigendur, en að kærandsans leyti sett niður úr 58 a. í 50 auru fyrir hverja □ alin, og að bæjarstjórnin 27. s. m. hefur fallist á þessa ákvörðun byggingarnefndarinnar; aptur sjest það ekki af fyrirliggjandi skýringum, hvort hlutaðeigandi lóðaeigendur hafi verið látnir vita af nefndu mati, eða hvort þeim hafi verið gefið tækifæri til að láta álit sitt í ljósi um endurgjald það, sem matsmenn höfðu tiltekið. og byggingarnefndin síðan sett niður, og eigi heldur, hvort amtmaður hefði fengið vitneskju um þessar kringum stæður, þegar hann 3. apr. samþykkti tillögur bæjarstjórnarinnar eða byggingarnefndarinnar um upphæð endurgjaldsins.

Þar sem byggingarnefndin eða bæjarstjórnin þannig ekki sjálf hefur metið endurgjaldið, heldur látið óvilhalla dómkvadda menn meta það, leiðir það bæði af edli hlutarins, af lagaákvörðunum þeim, er almennt gilda um matsgjörðir, og af 20. gr. samþykktarinnar, að þær ekki hafa verið bærar um upp á sitt eindæmi að breyta því, sem ofan á varð við matsgjörðina, eins og eigi heldur verður gjört ráð fyrir, að amtið hefði samþykkt slíka gjöræðisbreytingu á matsgjörðinni, ef það hefði vitað, að hún hefði átt sjer stað, þegar það veitti samþykkið 3. apríl þ. á.

Samkvæmt framansögðu er nýnefndur amtsúrskurður af 3. apríl þ. á. hjer með úr gildi felldur, og verður eptir þessu endurgjald það, sem til var tekið með matsgjörðinni 16. marz þ. á. fyrir hjer um rædda lóðarsneið, 58 aurar fyrir □ alin, að greiða kæranda úr bæjarsjóði, að því leyti hvorugur málspartanna notar kost þann, sem þeim eptir edli hlutarins og 20. gr. samþykktarinnar er heimilt, að leggja hina umtöluðu lóðarsneið undir yfirmat.

81
28da
oktbr.

Bræf landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Hinn 14. þ. m. hafið þjer herra amtmaður sent mjer með þóknanlegum ummælum yðar erindi yfirdómara Magnúsar Stephensens með fylgiskjölum, þar sem hann fyrir hönd hreppstjóra Sigurðar Ísleifssonar á Barkarstöðum áfrýar úrskurði yðar frá 7. maí þ. á. um kostnaðarreikning sýslumannsins í Rangárvallasýslu, í máli viðvíkjandi rekatrje, er dæmt var haustið 1873 milli nefnds hreppstjóra, sem aðalsækjanda og prestsins sjera Bjarnar Þorvaldssonar í Holti, sem gagnsækjanda, en hann er síðar dáinn.

Meðal reikningsatriða þeirra, er samþykkt eru með nefndum amtsúrskurði, hefur kærandi mótmælt þeim, sem leiða af því, að meðdómsmenn hafa verið skipaðir í málinu, og að áreiðargjörð hafi farið fram. Telur hann sjer óviðkomandi gjöld þau, sem snerta þessi atriði og nema alls 7 rd. 72 sk. eða 15 kr. 50 auru, með því að málskostnaður hafi samkvæmt hinum uppkveðna dómi fallið niður, en þessi gjöld sjeu sprottin af gagnsókn þeirri,